

**Ritari:** Laufey Sif Ingólfssdóttir


**Mættir:** Victor, Inga, Dúna, Jóna, Áslaug, Hrafnhildur, Laufey, Maríanna, Sonja og Karitas  
(ungmennaráð Samfés)

## Dagskrá Fundarins:

1. Félagsmiðstöðva og ungmennahúsavika.
2. Rafípróttir – Norræna mótið, netþjónn ofl.
3. Plúsinn – Status, húsnæði og verkefni.
4. Rímnaflæði – Skráning og pepp. 11. des.
5. Kosning í Ungmennaráð Samfés – 11. des.
6. Könnun – Uppfæra og senda út.
7. Önnur mál.

## Málefni sem rædd voru:

- Komin eru 25 myndbönd inn fyrir Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikuna og er búist við fleiri myndböndum í dag. Rætt um hvernig best er að boozta myndböndin og að von sé á blaðgrein um viðburðinn seinna í vikunni.
- Upplifun allra er að þátttakendur hafi verið ánægðir með norræna rafípróttamótið á sama tíma og samtökin taka mikinn lærdóm út af vinnu við þetta verkefni. Hefði sennilega gengið betur ef þátttakendur hefði getað tekið þátt frá sinni félagsmiðstöð.
- Ábending frá foreldrum tekið fyrir þar sem rætt var að skipulag rafípróttamótsins hefði verið ábótavant og óboðlegt að þurfa að sitja við tölvuna streitulaust frá 10-19. Of mikil ábyrgð sett á unglingana, sérstaklega þá sem ekki voru með starfsmann með sér.
- Staðan er þannig með Plúsinn eins og er að helsta áherslan um nýtingu fjármagns er sett að þessu sinni í markaðssetningu, fram yfir húsnæðismál, en búið er að senda inn ósk, ásamt Berginu Headspaca, á ráðuneytið um frekari fjármagn fyrir húsnæðinu.
- Hlaðvarpið hefur verið að ganga mjög vel og fengið frábærar viðtökur og búið er að taka upp fyrsta þáttinn af Sófanum. Verið er að virkja 16+ á discord og ætlar Sigga Dögg að koma einu sinni í mánuði með Q&A og mun bergið vera einu sinni í viku og svo stígamót einu sinni í viku.
- Rímnaflæði verður haldið 11. desember. Ragna, Cell7, ætlar að vera með tvö rappnámskeið á Discord, það fyrra er ætlað öllum sem hafa áhuga hvort sem þau ætla að taka þátt eða ekki og það síðara er einungis fyrir keppendur.
- Umræður um að hækka mögulegan aldur keppenda upp í 18 ára og í kjölfarið hvernig miðasölu skuli þá háttað.
- Kosning í Ungmennaráð Samfés fer fram með formlegum hætti þann 11. desember. Umgjörð viðburðarins rædd.
- Farið er yfir könnun sem Samfés mun senda út á næstu dögum, könnun uppfærð.
- Rætt um mál sem kom upp í spjallinu fyrir aðildarfélaga í morgun er varða reglugerð v. covid. Aðildarfélögum finnst erfitt að staðsetja félagsmiðstöðvar í reglugerðunum þar sem eina vikuna tilheyrur við íþrótt og tómstundamálum en hina vikuna menntamálum, þyrfti að hafa skilaboðin skýrari.
- Tekið upp frá síðasta fundi - Verktakagreiðslur- Rætt var um að við séum samtök sem enn eru ekki komin á föst fjárlög og því erfitt að greiða þá upphæð sem við í raun myndum vilja setja upp en samt mikilvægt að geta greitt fólki fyrir vinnu sína.



## Ákvarðanir teknar á fundi:

- Ákveðið að boozta myndbönd vegna Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavíku á landshluta í stað aldurshópa.
- Ákveðið að á næsta norræna rafíþróttamóti verði ýtt eftir því að keppendur spili saman frá sinni félagsmiðstöð í stað þess að spila heiman frá sér.
- Sækja um styrk fyrir næsta móti.
- Skoða möguleikann að sækja um ungmennaskipti í tengslum við rafíþróttamót.
- Skoða möguleikann á að Ísland taki að sér utanumhald á næsta móti.
- Skoða Digranesið betur sem mögulegt húsnæði fyrir Samfés/Plúsinn
- Framkvæmdastjóri ætlar að heyra í Sahara varðandi mögulega ráðgjöf til okkar.
- Setja inn spurningu í könnun til aðildarfélaga og fá þeirra álit á hækkun á aldurstakmarki keppenda í rímnaflæði.
- Framkvæmdastjóri ætlar að heyra í keppendum og athuga hvað þeim finnst um að aldursviðmið keppenda yrði hækkaður núna í ár.
- Fyrir en síðar þarf að funda með Miðbergi um rímnaflæði og nýja staðsetningu fyrir viðburðinn.
- S & M setja upp discord fyrir viðburðinn
- Skoða afþreyingarmöguleikar t.d. Kahoot eða Jackbox games
- Formaður og framkvæmdastjóri setja upp gróf drög að dagskrá fyrir viðburðinn.
- Þarf að bæta spurningum um aldursviðmið á rímnaflæði, Samfés-spjallið, spurningu um stöðugildi starfsmanna og mögulega menntamál. Könnun verður send út í fyrramálið.
- Stjórn ætlar að finna til punkta því til stuðnings að reglugerð er varðar félagsmiðstöðva og ungmennahúsastarf þurfi að vera skýrara og ekki á svona miklu flökki milli heilda eins og hefur tíðkast og senda áfram.
- Verktakagreiðslur munu vera 3500kr á tímann en verður endurskoðað þegar Samfés er komið á föst fjárlög.

## Umræður sem taka þarf fyrir á næsta fundi:

- Fara yfir niðurstöður könnunar.